



Umsögn

Efni: Tillaga um breytingar á innheimtu hjá borginni
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands lagði fram eftirfarandi tillögu á fundi borgarráðs 13. sept. sl.

Lagt er til að Reykjavíkurborg sjái beint um innheimtu vangoldinna gjalda borgarbúa, í stað þess að styðjast við milliinnheimtu fyrirtækja á borð við greiðslu- og innheimtupjónustunnar Momentum og Gjaldheimtuna ehf. Miðað við núverandi samninga Reykjavíkurborgar sinna þessi tvö fyrirtæki innheimtu fyrir Reykjavíkurborg þar sem kröfuhafinn ber engan kostnað af milliinnheimtu. Innheimtufyrirtæki leggja hlutfallslega há gjöld á skuldir og eru margir ófærir um að greiða töluverðar upphæðir sem myndast vegna innheimtu. Innheimtufyrirtækin græða því á skuldavanda og neyð fólks sem ýtir mörgum enn lengra í skuldafen og vítahring sem erfitt er að komast út úr. Því er lagt til að Reykjavíkurborg sjái beint um innheimtu þar sem leitast er við að halda auka kostnaði fyrir borgarbúa í lágmarki þar sem áhersla er lögð á að innheimtan njóti ekki hagnaðar af skuldavanda borgarbúa. Lagt er til að hugmyndafræði innheimtu verði endurskoðuð þar sem leitast er við að mæta einstaklingnum á þeim stað sem hann er á, í stað þess að styðjast við harkarlegar aðferðir núverandi innheimtuaðferða sem eru gjarnan í formi gjaldhækkunar sem einstaklingar ráða ekki við. Lagt er til að viðmót innan innheimtu Reykjavíkurborgar verði aðlöguð að þörfum notenda þar sem ferlið verði gert aðgengilegra og hlýlegra en finna má innan núverandi innheimtufyrirtækja og boðið verði upp á fleiri leiðir til að gera upp skuldir.

Greinargerð:

Skuldir einstaklinga við Reykjavíkurborg lenda á borði innheimtufyrirtækja sem rukka ýmis gjöld fyrir starfsemi sína. Kostnaður sem lagður er á greiðendur gerir einstaklingum sem eru nú þegar komin í skuld mjög erfitt fyrir og leiðir jafnvel til þess að einstaklingar geri síður upp skuld sína. Reykjavíkurborg greiðir ekkert fyrir að koma skuldum einstaklinga til þessara einkahlutafélaga sem græða á skuldavanda borgarbúa. Hugmyndafræði innheimtufyrirtækja miðar að því að koma öllum kostnaði af innheimtu yfir á þann sem stendur í skuld og ýtir því frekar undir að einstaklingar festist í fátækrargildru sem erfitt er að komast út úr. Með aukinni gjaldtöku græða innheimtufyrirtæki því á vanda fólks. Með því að færa þessa starfsemi beint undir Reykjavíkurborg sem leitist við að halda aukakostnaði í lágmarki fyrir borgarbúa, mætti auðveldlega hverfa frá þeirri braut að innheimtufyrirtæki græði á skuldavanda borgarbúa. Þar að auki geti Reykjavíkurborg útfært notendavænni aðferðir við innheimtu, þar sem boðið er upp á ólíkar leiðir til að gera upp skuld.

Fjármálaskrifstofu hefur verið falið að veita umsögn um málið.

Tillagan gengur í stuttu máli út á það að hætta úthýsingu á milli- og löginheimtu. Þá er núverandi innheimtuleglum lýst sem *harkalegum* og tillagan felur í sér að breyta eigi þeim á þann hátt að mæta einstaklingnum á þeim stað sem hann er á en þeirri aðferð er ekki lýst nákvæmlega að öðru leyti en að mælt er með því að borgin taki upp *notendavænni innheimtuaðferðir* og *fleiri leiðir til að gera upp skuldir*.

Á árinu 2009 voru settar innheimtuleglur fyrir Reykjavíkurborg í þeim tilgangi að tryggja eftir föngum samræmt verklag í innheimtum hjá Reykjavíkurborg. Þessar reglur voru mun ítarlegri en fyrri reglur



sem átti að fyrirbyggja að greiðendum væri mismunað enda stenst það ekki jafnræðisreglu. Þær reglur hafa nokkkrum sinnum verið endurskoðaðar og var síðasta heildarendurskoðun gerð á árinu 2012. Að mati fjármálaskrifstofu hafa innheimturreglurnar gefið góða raun. Þá hefur Reykjavíkurborg verið leiðandi í því að lækka innheimtukostnað skuldara. Þannig má nefna að þegar innheimta var boðin út á árinu 2009 lækkaði kostnaður skuldara veruleg frá því sem var og sá kostnaður lækkaði um 34% í kjölfar síðasta útboðs úr áætluðum 65 m.kr. á árinu 2017 í áætlaðar 43 m.kr. á árinu 2018.

Að mati fjármálaskrifstofu stuðlar úthýsing milli- og löginheimtu að því að innheimtan sé fagleg og tryggi að jafnræði milli skuldara sé gætt. Þá byggir núverandi fyrirkomulag á því að kostnaður við vanskil, sem hefur með aðgerðum borgarinnar lækkað mjög mikið, lendi ekki á þeim sem eru í skilum með sín gjöld heldur þeim sem eru í vanskilum. Reykjavíkurborg hefur verið í farabroddi við að lækka þann kostnað sem fellur á skuldara vegna vanskila.

Verði tillagan samþykkt má gera ráð fyrir að bæta þurfi við allnokkrum starfsmönnum til að sinna milliinnheimtu og löginheimtu. Í áætlun núverandi þjónustuaðila skiptast verkefni hans og umfang þeirra þannig m.v. ársgögn 2017:

Fyrirtæki	Verkefni	Fjöldi
MOMENTUM	Milliinnheimtubríf	38.000
MOMENTUM	Símtöl	18.000
GJALDHEIMTAN	Innheimtubríf	2.100
GJALDHEIMTAN	Greiðsluáskoranir	950
GJALDHEIMTAN	Stefnur	170
GJALDHEIMTAN	Aðfararbeiðnir	40
GJALDHEIMTAN	Nauðungarsölubeiðnir	580
GJALDHEIMTAN	Kröfulýsingar	450

Til að sinna þessum verkefnum er áætluð mannaflapörf eftirfarandi:

Verkefni	Fjöldi
Skriptiborð	1
Símssvörun	1
Almenn afgreiðsla fyrirsp./beiðni ofl.	2
Úthringingar	2
Símssvörun	1
Greiðsluáskoranir	1
Stefnur og þingfestingar	1
Nauðungarsölubeiðnir	1
Kröfulýsingar/Aðfararbeiðnir	1
Almenn afgreiðsla fyrirsp./beiðni ofl.	2
Lögfræðiaðstoð	1
Kröfuvakt	1
Samtals	15

Kostnaður við 15 stöðugildi sérhæfðs starfsfólks og 1-2 lögfræðinga til að leiða starfið yri umtalsverður og miklu meiri heldur en sá kostnaður sem nú hlýst af verkefninu.

Að öllu samanteknu og virtu mælir fjármálaskrifstofu ekki með þeirri breytingu sem tillagan gerir ráð fyrir

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri